

# Hver þjóð finnur sína leið til að koma ópolandi valdhöfum frá

**Ræða Ragnhildar Sigurðardóttur á Austurvelli 27. des 2008**

Um eitt þúsund manns komu saman á Austurvelli í dag, 12. laugardagsmótmælin í röð. Ræðumenn voru tveir, Ragnhildur Sigurðardóttir og Björn Þorsteinsson, og lögðu bæði áherslu á það í ræðum sínum í dag að bylting væri ekki bara óhjákvæmileg heldur – sem er væntanlega ekki síður mikilvægt – möguleg.

„Það eru ekki nema 20 ár síðan Sovétríkin hrundu og það var nú öllu stærri björn að vinna heldur en ríkisstjórn Íslands,“ sagði Ragnhildur í ræðu sinni. „Samstaða í Póllandi leiddi byltinguna þar. Í Eistlandi söfnuðust menn saman helgi eftir helgi og sungu sig frá kommúnismanum. Í Úkraínu flyktist fólk í appelsínugulum klæðnaði út á torg og þagði. Og flauelsbyltingin í Tékkóslóvakíu var líka friðsamleg. Hver þjóð finnur sína leið til þess að koma ópolandi valdhöfum frá. Það gerum við líka.“

„Við munum ekki láta draum valdhafanna rætast. Draum sem snýr að því að við gleymum ábyrgð þeirra á sukkinu og svínarínu. Þeir misreikna sig illilega og taka langlundargeð og seiglu þjóðarinnar sem veikleikamerki. Merki um það að þeir muni komast upp með glæpinn. Við munum ekki láta það rætast.“

„Það þurfti ekki marga til þess að gera okkur gjaldþrota. Það þarf ekki heldur marga til þess að rísa upp gegn þessum spilltu stjórn mála- og fjármálaöflum. Við munum með þrautseigju og seiglu koma þeim frá. Við munum ekki láta það gerast að hetjur þessa lands, fólkið sem lifir af á lágmarkslaunum, örorkulífeyri og atvinnuleysisbótum, beri ábyrgðina á fjármálasukki kaupahéðnanna.“

Þetta eru brot úr ræðu Ragnhildar. Ræða Björns Þorsteinssonar birtist hér þegar í heilu lagi, en hann sagði meðal annars að stjórnvöld væru skiljanlega hrædd við byltingu, hrædd við að almenningur risi upp gegn óréttlætinu sem blasi nú við. Hann sagði sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar hafa verið svikna, hún hafi í reynd verið barátta efri stétta í landinu til að hrinda frá öldu lýðræðis og frelsishugsjóna sem hingað hefðu annars borist á 19. öld.

Björn sagði frjálshyggjuna vera kenningu reista „á einföldu lögmáli: einkavæða hagnað, þjóðnýta tap. Eða, með öðrum orðum: öllu skiptir að þeir ríku fái að verða ríkari og að þeir efnalitlu verði efnaminni – og að þegar illa fer hjá þeim ríku, spilavítiskapítalistunum, þá taki fjöldinn af þeim höggið. Þegar á reynir kemur í ljós að það er almenningur sem skrifar upp á víxlana, að sér forspurðum – eða, með öðrum orðum: við erum veð.“

Björn ræddi raunar ekki aðeins um stöðu og þróun Íslands, heldur setti þennan tímamark í Íslandssögunni í heimssögulegt samhengi, og sagði mannkyn þurfa að leita að öðru fyrirkomulagi en peningahyggju. Björn lýsti yfir dauða peningahyggjunnar: „Markaðshyggjan, frjálshyggjan, peningahyggjan, hin blinda trú á hina ósýnilegu hönd – er dauð. Hún kemur aldrei aftur. Vera má að hún muni reyna að rísa upp úr gróf sinni í einstaka bananalýðveldum þar sem auðmagnið hefur náð að grafa betur um sig en annars staðar – til dæmis gæti það gerst hér á Íslandi. En það verða aðeins dauðakippir. Framtíð mannkyns liggur annars staðar.“

Ræðum beggja ræðumanna var firnavel tekið eins og heyra má af upptökum. Mbl.is sagði svo frá í fyrstu atrennu að nokkur hundruð manna mótmæli á Austurvelli „og krefjast kosninga“ og hafði eftir lögreglu að rólegt yfirbragð væri á mótmælunum að þessu sinni. Nei. getur staðfest það: rólegt yfirbragð var yfir mótmælunum að þessu sinni.